

# STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna



no 3, 1.tbl 2015

# Innihald

*~smellið á bláa hlekkinn*

## *Heildarmyndin*

*Steingrímur Eyfjörð*

*Eygló Harðardóttir, Samsíða sjónarhorn*

*Kari Grétudóttir*

## *Ákall*

*Guðbjörg R Jóhannesdóttir*

## *Gestavinnustofan*

*Juliana España Keller*

## *Vinnustofan*

*Sigga Björg Sigurðardóttir*

## *Listin og tjáningarfrelsið*

*Gunnar Hersveinn*

## *MU-avtalet eða MU-samningurinn*

*Ýrr Jónasdóttir*

## *Aðildarfélag - Félag íslenskra ljósmyndara*

*Hallgerður Hallgrímsdóttir*

## *Reitir*

*Arnar Ómarsson*

## *Minningarbrot*

*Þór Elís Pálsson*

*~Smellið á hlekkinn við viðeigandi grein til að  
fara beint á hana~*



# Heildarmyndin



*Steingrímur Eyfjörð*

*meðlimur stjórnar SÍM*

*Stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM),  
hefur tekið að sér það verkefni að gera kort af heildar-  
mynd íslenskrar myndlistar.*

Það er nokkuð ljóst að umgjörð myndlistar er ekki í neinu samræmi við þann veruleika sem starfandi myndlistarmenn lifa og hrærast í og það má einnig segja um aðrar stéttir, svo sem sýningarstjóra, listfræðinga, kennara og alla þá aðila sem á beinan eða óbeinan hátt koma að myndlist á Íslandi. Það er eins og myndlistarmenn og aðrir sem tengjast myndlist starfi í heimi „Potemkintjalda“ þar sem umgjörð myndlistar hefur vissulega einhverja framhlið og oft glæsilega, en oft á tíðum er ekkert á bakvið. Þessu þarf að breyta.

Kortið á að auðvelda fólki að átta sig á heildarmynd myndlistar á Íslandi. Það sýnir hvert atriði myndlistarheimsins og um leið hvað tilheyrir sama mengi og hvernig einstaka atriði skarast, og auðveldar þannig allar áætlanir um breytingar og lagfæringar.

Almenn umræða um íslenskan myndlistarheim, og um leiðir til að umbylta og laga það sem laga þarf, hefur verið einsleit, brotakennd, og um leið hefur skort samvinnu milli greina og stétta. Meginástæðan hefur verið sú að margir hafa ekki

nád að sjá fyrir sér heildarmyndina og ekki skilið nauðsyn þess að margbreytilegir þættir umgjörðar myndlistar séu samstilltir og í samvinnu milli ólíkra aðila sem koma að myndlist. Oft skilgreina þeir sem koma að myndlist hagsmuni sína og sinna stofnana á rangan hátt og eiga erfitt með að átta sig á því að til þess að allir þættir myndlistarheims Íslands nái að þróast og komast í ásættanlegt horf er nauðsynlegt að skilja og skilgreina tengingar milli stofnana og aðila út fyrir eigin svæði og eigin hagsmuni, en þeir hagsmunir eru oft þröngt skilgreindir og í sumum tilfellum eru aðilar að vinna gegn sjálfum sér.

Kortið af heildarmyndinni er framlag SÍM til þess að sameina framtíðarsýn þeirra sem koma að myndlist á Íslandi. Það er sett fram sem tilraun að grunni til samstarfs, en til að byrja með mun hver og einn félagi í SÍM taka þátt í að bæta við atriðum sem vantar og koma með tillögur að aðgerðum til að heildarmynd myndlistar nái að dafna og þróast. Aðrir aðilar sem tengjast myndlist verða fengnir til að bæta við kortið eftir þessa vinnu félaga SÍM, til þess að auka á skilning og samvinnu.

Námskeið og liststofnanafræðsla

Myndlistarskólinn í Reykjavík

Myndlistarskólinn á  
Akureyri

Myndli

Erlendir háskólar

Háskóli Íslands

Listrannsóknir

Listaháskóli Íslands

Myndlistarsjóður

Listskreytingasjóður

Grunn- og framhaldsskólar

Fjármála og efnahagsráðuneytið

List í almenningsrými

Menntun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Stjórnvöld

Myndlist

Listasafn Íslands

*www.heildarmyndin.is*Sveitafélög

Þjóðminjasafnið

Þjóðmenningarhúsið

Listasafn Reykjavíkur

Myndlistarheimurinn  
erlendis

Listahátíð

Arkív

Íslandsstofa

Alþjóðlegar sýningar

Listfræðingar

Utanríkisráðuneytið

Norrænt samstarf

KÍM

Landsflutningar

EES Evrópusambandið

Listaverkaflutningur,  
tollar og tryggingarMenningar- og vitunda-  
riðnaðurinn

Heildarmyndin

Samband íslenskra myndlistarmanna

Arkív  
Listagagnrýni  
Listaverkasafnarar  
Fyrirtæki  
Opinberar stofnanir  
starumfjöllun  
Listaverkasali  
Almannatengsl  
Listasöfn  
Fjölmíðlar  
Sölugallerí  
Kaupendur á myndlist  
Erlendir kaupendur  
Miðlun  
commercial  
samhengi  
Umboðsmaður  
Einkasöfn  
Almenningur  
armaðurinn  
non-commercial  
samhengi  
Listamannarekin rými  
*myndin.blogspot.com*  
Nýlistasafnið  
SÍM  
Myndlistarheimurinn  
á Íslandi  
Myndstef  
Samstarf og skörun við  
aðrar listgreinar  
Vinnurými  
Lögfræðipjónusta  
Listamenn  
Sameiginleg verkstæði  
Sýningarstjórar  
Hráefni  
Vinnuaðstaða og  
framleiðslutæki  
Aðkeypt vinna  
Efnissafnið  
Skemmtanaiðnaðurinn  
Ferðamannaiðnaðurinn

# Eygló Harðardóttir Samsíða sjónarhorn



*Nýverið sýndi myndlistarmaðurinn Eygló Harðardóttir verk sín í Týsgallerí við Týsgötu 3 í Reykjavík. Yfirskrift sýningarinnar, Samsíða sjónarhorn, vísar í ákveðna aðferð við að sýna þrívídd á tvívíðan flöt án fjarvíddar, tækni sem er notuð í klassískri list Austurlanda, arkitektúrteikningum og tölvuleikjum. Þessi tenging við ísómetríuna vekur upp hugmyndir um heim þar sem allar víddir eru nálægar og hafa jafn mikið vægi.*





Eygló vinnur með sjónfræðileg fyrirbæri en slíkar rannsóknir eru aldrei endastöð í hennar verkum heldur miklu fremur ein af mörgum samsíða víddum í marglaga ferli. Fyrirbæri eins og myndleifar (e. afterimage) vekja til dæmis upp spurningar um hvaða hughrif eða atburðir í umhverfinu kalla fram hugmyndir og hvort yfir höfuð sé hægt að henda reiður á þetta samband eða virkni milli innri og ytri veruleika. Verkin á sýningunni sem vísa í byggingalist minna á rústir eða eyðibýli þar sem hið innra og ytra hefur einmitt runnið saman eða náttúran gengið aftur inn í hið manngerða. Myndleifarnar og hughrifin eru þarna líkt og efnisleg fyrirbæri og raunverulegir atburðir þó þau séu mögulega á „fingerðari“ tíðni og ekki jafn afmörkuð í tíma og rúmi. Hver mynd kallar á aðra mynd og litur kallar á andstæðan lit eins og einhvers konar öfugsnúið bergmál eða öllu heldur andsvar.

Eygló notar efnivið sem er viðkvæmur og eftirgefanlegur en úrvinnslan er örugg og stöðug og í ferlinu styrkist efnið. Til dæmis minnir eitt verkanna, eins konar vindmælir, frekar á lárétt mylluhjól en hefðbundinn vindmæli sem snýst mótstöðulaust. Verkin hafa gengið í gegnum margar umbyltingar í ferlinu og fela í sér þessar ummyndanir. Ferlið er gegnsætt og hrár eiginleiki verkanna heldur öllum möguleikum opnum. Áhorfandinn þarf að vera næmur fyrir agnarsmáum atriðum eins og til dæmis pappírbrún sem kvarnast úr og virkar sem inngönguleið í verk því hún beinlínis opnar efnið sem unnið er með svo úr verður bræðingur milli verks og áhorfanda. Verkin á sýningunni (málaðir skúlptúrar/þrívíð málverk) hafa þannig bein líkamleg áhrif og þau þarf að upplifa. Þau eru opin, bæði efnislega og til túlkunar; þau eru gljúp.



Ljósmyndir Eygló Harðardóttir

# Ákall

*Guðbjörg R Jóhannesdóttir*



*Ljósmyndir Guðmundur Ingólfsson*

*Á sýninguna Ákall hefur Ásthildur B. Jónsdóttir, sýningarstjóri, valið verk eftir sextán listamenn sem öll eiga það sameiginlegt að fela í sér ákall til umhugsunar og meðvitundar um að manneskjan er tengslavera — órjúfanlega tengd náttúrunni og öllu umhverfi sínu; manngerðu eða ómanngerðu.*

Í gegnum skynjun sína á veruleikanum mótir mannaveran umhverfi sitt og finnur merkingu í þeim fjölbreyttu tengslum sem eiga sér stað í rýminu milli hennar og veruleikans. En um leið tekur mannaveran inn mótandi áhrif umhverfisins og þeirrar merkingar sem aðrir hafa lagt í þessi tengsl.

Fyrsta verkið sem tekur á móti þeim sem gengur inn í Listasafn Árnesinga til þátttöku í *Ákalli* er Íslenskir fuglar eftir þau Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson. Verkið fær þátttakandann til að skynja þau vísindalegu kerfi sem maðurinn hefur skapað til þess að flokka og

hólfa veruleikann niður í aðskildar einingar; og til að skilja hvaða áhrif þessi kerfi geta haft á tengsl okkar við aðra. Íslensku fuglarnir sem standa tignarlegir og upphafnir á hillum passa inn í flokkunarkerfið, en hinir íslensku páfagaukar passa ekki inn í kerfið og eru því settir til hliðar, fá enga hillu, heldur eru límdir með teipi á gamla flokkunarplakatið.


Ákallið um að skynja og verða meðvituð um vald hins vestræna flokkunarkerfis heldur áfram að hljóma í þeim verkum sem leiða þátttakandann áfram á leið sinni um sýningarrýmið. Verk Ólafar Nordal, Libiu Castro & Ólafs Ólafssonar og



Önnu Líndal, vekja hvert fyrir sig upp tilfinningu fyrir valdi kerfisins og leiða þátttakandann inn í miðju sýningarrýmisins þar sem ákallið um að skynja þau áhrif sem mannveran hefur á náttúruna í gegnum kerfi sín heldur áfram. Rósa Gísladóttir og Hrafnkell Sigurðsson afhjúpa fyrir okkur afleiðingar kerfis þar sem áhrif plastnotkunar á lífríki jarðar eru farin að skapa ótta í hugum fólks. Bjarki Bragason hugleiðir verðmæti jökulsins: Hvenær má leyfa honum að bráðna og hvenær ekki? Pétur Thomsen, Rúrí og Eggert Pétursson kalla hvert á sinn hátt eftir því að við veitum landslaginu og tengslum okkar við það athygli — því hvernig við tengjumst því í gegnum staðsetningu okkar, skynjun og athafnir.

Í rýmunum tveimur beggja vegna miðjunnar finnur þátttakandinn svo annars vegar hið stóra samhengi mannverunnar og tengsla hennar við samfélagið, og hins vegar hið smáa samhengi persónulegra tengsla. Í fyrra rýminu má skynja

gagnkvæm áhrif samfélagsins á mannveruna og mannverunnar á samfélagið í gegnum verk Gjørningaklúbbsins, Spessa og Óskar Vilhjálmadóttur. Í því seinna kalla verk Ásthildar, Hildar Bjarnadóttur, Hildar Hákonardóttur og Ásdísar Spanó fram hugleiðingar um áhrif persónulegra og tilfinningalegra tengsla á milli manna, á milli kynslóða, og á milli manna og landslagsins sem smýgur inn í líkama þeirra og huga. Tengslin milli kynslóða kristallast svo í þátttökuverkum þeirra Gunndísar Ýrar Finnbogadóttur og Ásthildar, þar sem þær skapa rými til þess að yngri kynslóðir megi skynja tengslin við fortíðina í gegnum sögur af upplifunum þeirra sem eldri eru og þeim eldri gefst innsýn í vonir og óskir kynslóða framtíðarinnar. Sýningin *Ákall* skapar aukna meðvitund um mikilvægi þess að endurhugsa tengsl manns og náttúru, og ekki síður aukna meðvitund um mikilvægi listarinnar þegar kemur að því að miðla þessum tengslum og skapa rými til að skynja þau og hugleiða.



# Gestavinnustofan

*Juliana España Keller*



*Ljósmyndir Juliana España Keller*

*Kanadíski listamaðurinn Juliana España Keller lýsir sér sem farandlistamanni sem reynir á landamæri tilrauna-kenndrar hljóð- og gjörningalistar, skúlptúrinnsetninga, intermedia og rafrænnar listar. Hún dvaldi nýverið á gestavinnustofu SÍM og segir okkur frá dvöl sinni.*

*Er þetta í fyrsta sinn sem þú dvelur í gestavinnustofu?*

Nei. Ég hef komið í gestavinnustofu á vegum SÍM nokkrum sinnum síðan árið 2009, meðal annars hina dásamlegu vinnustofu í Berlín. Fyrsta gestavinnustofan sem ég tók þátt í var hins vegar í Flórída, Bandaríkjunum, í Atlantic listamiðstöðinni, með leiðbeinandi listamanninum Gillian Wearing, þegar ég var í framhaldsnámi við Concordia háskólann í Montreal árið 2003. Það er alltaf spennandi að fá þær fréttir að umsókn hafi verið samþykkt. Það er sérstök tilfinning að vita að fólk kann að meta þig sem listamann og að þú ætlir að halda með opnum huga á vit þessarar óvissuferðar.

*Hvers vegna Ísland?*

Ísland hefur alltaf heillað mig. Ég man eftir að hafa séð kvikmyndina *101 Reykjavík* þegar ég var yngri og bjó í New York, og að mig langaði til að kynna þessari litlu eyju betur. Á þessari smáu eldfjallaeyju úti á miðju hafi er örlítið, sérkennilegt en sterkt og sjálfstætt norrænt listasamfélag, sem býr yfir svo einstöku menningarlegu ríkidæmi að það er töfrum líkast — og allt opinberast það í Reykjavík. Það virðist algjörlega nútímalegt, en um leið bræðingur fortíðar og framtíðar sem renna saman í þessari mystísku sköpun. Tilraunakennd tónlistarsenan hafði mikil áhrif á minn innri mann. Löngunin til að upplifa landslagið í gegnum áleitna tónlist Bjarkar, Sigur Rósar og Hildar Guðnadóttur, svo fáir séu nefndir, virkaði eins og segull á mig.

*Hvar heyrðirðu fyrst um SÍM gestavinnustofurnar?*

Mér bauðst að sýna verkin mín í Gautaborg í Svíþjóð og fékk þar með tækifæri til að halda fyrirlestur í Valand listaháskólanum. Ég hitti þar nokkra íslenska listamenn sem voru að klára meistaraþráður sínar í myndlist og var boðið á vinnustofur þeirra til að ræða listsköpun þeirra. Þeir sögðu mér frá SÍM.

*Fyrsta orðið sem þú lærðir á íslensku?*

Heima.

*Að hverju vannst þú í gestavinnustofu SÍM?*

Á Íslandi hef ég skapað þó nokkur verkefni sem hafa lifnað við í gjörningum eða tilraunakenndum hávaðaviðburðum þar sem ég hef nokkrum



sinnum átt í samstarfi við íslenska listamenn. Ég hef ánægju af samvinnu og hef verið að færast í áttina að samfélagslega virkari verkum. Hver upplifun á Íslandi hefur verið einstök og gefandi hvað varðar nýja þekkingu og ný skapandi ferli.

Í ágúst 2014 kom ég til Reykjavíkur með gjörning minn frá Montreal og samvinnuverkefni í tilraunahávaða sem heitir „Sonic Electric“. Við komum til SÍM til að semja ný tilraunakennd rafræn tónlistarverk og til að koma fram fyrir íslenska áhorfendur. Við fluttum þetta nýja efni í Mengi sem hluta af lokasýningu okkar og var það um leið lokahátíð gestavinnustofunnar okkar.

*Finnst þér að gestavinnustofan og/eða Ísland hafi áhrif á verk þín?*

Alltaf. Gestavinnustofan er áhugaverður tími því maður fær alltaf svo undraverða sýn á skapandi hæfileika frá öllum sviðum samfélagsins og alls staðar að úr heiminum. Samtalið verður ótrúlegt.

Hvað varðar verkin mín, þá verð ég alltaf fyrir áhrifum af rannsóknum mínum á hinu náttúrulega landslagi, hvort sem þau áhrif eru svo skjalfest á einn eða annan hátt. Hver birtingarmynd frumefna vekur margar ósjálfráðar hugmyndir sem eru stundum frumstæðar og stundum mjög abstrakt. Ég fæ aldrei slíkar hugmyndir í Montreal.

Ég safna hlutum, ég syng hluti, ég anda. Ég skrifa. Ég nærri mig með hlutum frá íslenskum jarðvegi. Ég fer alltaf að veiða og kem aftur með nýjan fisk í sameiginlega eldhúsið svo allir geti borðað hann saman. Það er góð tilfinning að snúa aftur til Íslands, hitta vini mína og heimsækja SÍM aftur ... eins og þetta sé mitt annað heimili. Ég reyni að tala íslensku og hlæ að sjálfri mér því mér finnst ég skilja málið. Ég hef sérstök tengsl við nokkrar fjölskyldur hér sem hafa boðið mig velkomna á heimili sín og ég hef lært margt um menningarlega sjálfmynd Íslendinga fyrir vikið. Ég bý til list sem ég er stolt af ... það er eitthvað ósvikið við hana.

*Sástu einhverjar sýningar sem höfðu áhrif á þig á meðan þú dvaldir á Íslandi?*

Ég man að ég sá vídeóverk Gabríelu Friðriksdóttur í fyrsta sinn og var agndofa af hrifningu. Ég er hrifin af íslenskri abstraksjón, hvort sem það eru teikningar eða málverk, textill eða tónlist ... hún virðist spretta eins og sameindir upp af anda náttúrunnar. Þetta er kjarni sem er erfitt að lýsa nema þú komir hingað og andir að þér loftinu og leyfir honum að síast inn.

*Hefurðu myndað einhver ný tengsl sem gætu gagnast þér?*

Ég hef hitt marga íslenska listamenn og þeir eru mjög forvitnir um það sem er að gerast utan Íslands. Vitanlega á ég nokkra mjög nána vini í Reykjavík sem eru mér kærir og ég mun halda sambandi við þá fyrir lífstíð.

Mér hefur líka alltaf fundist ég velkomin í SÍM gestavinnustofuna hvenær sem ég hef fundið þörf til að snúa aftur og skapa og ég er enn í sambandi við marga alþjóðlega listamenn sem ég hef hitt á gestavinnustofunni á Íslandi allt frá árinu 2009. Ég vona að ég geti einn daginn komið og miðlað þekkingu minni sem leiðbeinandi og myndlistar-

maður við Listaháskóla Íslands, því ég er kennari á sviði intermedia og nýmiðlalistar.

Í mörgu af því sem ég geri, í hljóð og gjörningalist sérstaklega, leiðir eitt af öðru og ég geri mér grein fyrir þörfinni á að þýða, umbreyta og kanna hvernig allt skarast: skipulega, á gagnrýnin hátt og í gegnum samvinnu. Ég myndi gjarnan vilja komast í samband við íslenska nemendur og listasamfélagið allt í því skyni að miðla þessari aðferðafræði.

*Var eitthvað sem kom þér á óvart við íslensku myndlistarsenuna?*

Íslenska listasamfélagið virkaði sem mjög náinn hópur fólks sem tengdist í gegnum örstutta móðerníska sögu og einstakt tungumál mótað stílrænt og formlega af náttúru og veðurfari.

Tónlistarsköpun Íslendinga er stórkostleg ... og minnir um margt á grasrótarmhverfið í tónlistarsenunni hér í Montreal, t.d. Arcade Fire. Þetta er mjög náð samfélag og framúrsteftnulegt og því í stöðugri mótun. Ég lærði mikið um sögu íslenska formalismans við að sjá hvernig tungumál hans þróaðist, til dæmis í gegnum safneignina á Listasafni Íslands. Íslenskir listamenn taka mikið hver frá öðrum, bæði á vitrænan og sjónrænan hátt, og hafa aðgang að ótal áhugaverðum rýmum og hátíðum til að þróa verkefni sín.

Það er hins vegar ekki auðvelt fyrir útlendinga að komast inn í fræðilega og faglega myndlistarheiminn á Íslandi. Ég vona samt að það breytist. Ég hef verið mjög heppin því íslenskir listamenn hafa boðið mér að taka þátt í hópverkefnum. Það væri einnig frábært að fá tækifæri til að starfa sem gestakennari við Listaháskólann og deila þannig nýrri þekkingu á sviði nýmiðla og rafrænnar listar. Ég held að það gæti verið mjög spennandi fyrir alþjóðlega listamenn.



*Ljósmynd Juliana España Keller*

# VINNUSTOFAN

*Sigga Björg Sigurðardóttir*

*Nýlendugata 14*



*Ljósmyndir Sigga Björg Sigurðardóttir*

*„Ég bara einhvern veginn teiknaði  
mig áfram og endaði hér“*

#### *Menntun/bakgrunnur*

MFA frá The Glasgow School of Art (2004),  
BA í myndlist/málun frá LHÍ (2001)

#### *Miðill*

Teikning fyrst og fremst. Ég nota líka vídeó/stop motion animation, hljóð, texta og skúlptúr, en í raun er allt unnið út frá teikningu á einn eða annan hátt.

#### *Hvaða verkefni eru framundan hjá þér?*

Nýlega kláraði ég vídeó/stop motion teiknimyndina *Diamonds* sem ég sýndi í Norræna húsinu í janúar en er núna komin á kaf í nýja seríu af teikningum og skúlptúrum. Ég er að undirbúa komandi sýningar sem eru bæði hérlandis og erlendis. Mér var boðið að sýna teiknimyndina mína *A Story of Creation* (2013) á Rotterdam International Film Festival nú í ár og í kjölfarið hefur mér verið boðið að sýna á hinum ýmsu



kvikmyndahátíðum. Það kemur mér algjörlega á óvart þar sem ég hef alltaf litið á teiknimyndirnar mínar sem tilraunir frekar en fullgerð verk. Ég ætla svo að flýja hversdaginn og vinnustofuna mína í maí og vera í gestavinnustofunni á Skriðuklaustri í mánuð.

*Hversu mikilvægt er fyrir þig að vera með vinnustofu?*

Nauðsynlegt. Allt sem ég geri krefst mikils pláss og mér finnst mikilvægt að hafa allt út um allt og undirlagt þegar ég er að vinna. Stundum er allt í rúst og þá þarf það að vera þannig til að búa til réttar aðstæður. Þetta er heilagt rými þar sem ekki er hægt að taka tillit til neins annars en listarinnar.

*Lýsing á vinnustofunni*

Orka, óreiða, uppáhellst staðið kaffi, hrúgur af alls konar drasli og dóti, friður, tónlist, stór gluggi, útsýni út á sjó og inn í hótélherbergin á Marina Hotel ...

*Hvert er markmiðið/toppurinn í starfinu?*

Toppurinn í starfinu er að hella upp á kaffi á vinnustofunni, setja tónlist í botn og teikna stjórnlaust í marga klukkutíma án þess að hugsa um neitt. Markmiðið er að gera það alltaf.

*Af hverju ertu myndlistarmaður?*

Ég hef alltaf teiknað svo mikið að það jaðrar e.t.v. á köflum við maníu. Ég byrjaði á því þegar ég var pínulítill og hef teiknað alla tíð síðan. Ég var sem sagt mjög góð að teikna og fór þess vegna í listaskóla. Ég fór ekki inn í myndlist af neinum sérstökum myndlistaráhuga. Hafði í raun bara áhuga á að teikna en áhuginn á myndlist kom svo seinna. Ég tók aldrei meðvitanda ákvörðun um að verða myndlistarmaður heldur. Ég bara einhvern veginn teiknaði mig áfram og endaði hér, veit aldrei hvað gerist næst.

*Í fullkominni veröld væri myndlist ...*

Fullkomlega fullkomin og óspennandi. Ég held að listin í ófullkominni veröld sé pottþétt meira spennandi.

*Mottó*

Teikna meira hugsa minna.

*Áhrifavaldar*

Fólk, bæði leiðinlegt og skemmtilegt fólk, venjulegt fólk, skrítið fólk, galdrafólk, andstæður, óþægindi, húmor, hryllingur, gleði, hömluleysi, tryllingur, eirðarleysi, stjórnleysi, tilfinningar og flest sem er ófullkomlið.

*Hvað er SÍM fyrir þér?*

Félag sem hugsar um og passar upp á praktíska og skynsamlega hluti sem ég hef ekkert vit á.

*Af hverju gerðist þú félagi í SÍM?*

Mér var sagt að það væri skynsamlegt.

*Hvaða kostir eru við það að vera félagi í SÍM?*

Fyrst og fremst að geta leigt vinnustofur SÍM. Ég hef leigt vinnustofu af SÍM í mörg ár, fyrst á Seljavegi og svo núna á Nýlendugötu. Það er mikill lúxus að þurfa ekki að hugsa um hluti eins og að tengja internet, borga hita og rafmagn og alla þá leiðinlegu hluti sem maður þarf oft að vesenast í sem leigjandi. Ég hef líka sótt um og fengið Mugg, ferðastyrk SÍM, nokkrum sinnum í gegnum tíðina og bara átt í jákvæðum samskiptum við félagið.

*www.siggabjorg.net*



*Sigga Björg Sigurðardóttir*



*Stilla úr teiknimyndinni „Diamond“*

# Listin og tjáningarfrelsið

*Gunnar Hersveinn rithöfundur*



*Eyjabakka gjörningur" 1999. Rúrí og Harpa Arnardóttir leiddu gjörninginn, ljósmynd Guðmundur P. Ólafsson*



*„Listin gegnir þýðingarmiklu hlutverki í samfélaginu því listaverk geta leyst fólk úr spennitreyju ótta, kúgunar og fordóma.“*

Listin er máttarstólpi tjáningarfrelsis. Hún sækir orkuna í sköpunarkraftinn sem rennur í æðum fólks. Listafólk beitir gáfu sinni og skapar verk sem hafa form og öðlast merkingu þegar þau eru móttækin í samfélaginu. Listin ræktar lífið með hugrekki og hugsjónum og spyrnir gegn eyðileggingu.

Tjáningarfrelsið vill fara yfir landamæri án þess að vera með vegabréf og tilskilin leyfi. Það stekkur yfir aðskilnaðarmúra undir skothríð andstæðra skoðana. Tjáningarfrelsið er undir smásjá í öllum samfélögum. Viðbrögðin geta verið miskunnarlaus þegar frelsið fer út fyrir tilsett mörk, þegar einhver ögrar með listinni og brýtur hin helgu vé. Listin ver mennskuna og særir engan nema þann sem móðgast og afhjúpast.

Allir geta verið fulltrúar tjáningarfrelsis, aðeins ef þeir vilja, en til að beita því og verja það þarf ævinlega hugrekki, hugmyndaflug og skilning á afleiðingum þöggunar. Sá sem gengur undir fána tjáningarfrelsis þarf að vera viljugur til að berjast fyrir frelsi annarra til að tjá skoðanir sínar.


Listafólk ætti alls staðar að vera frjálst til að skapa þau verk sem það vill. Það hefur málfrelsi, ritfrelsi, myndfrelsi, tónfrelsi, hönnunarfrelsi, sviðslistarfrelsi, frelsi til að tjá sig án ótta og ritskoðunar og kúgunar, frelsi til að skapa óráð listaverk sem breyta samfélaginu.

Listafólk ruggar bátum og ruglar fólk í ríminu með verkum sínum, kemur því á óvart, opnar nýjar víddir og afhjúpar heimsku og þekkingarleysi. Listin gegnir þýðingarmiklu hlutverki í samfélaginu því listaverk geta leyst fólk úr spennitreyju ótta, kúgunar og fordóma. Listafólk nýtir tjáningarfrelsið m.a. til að vinna gegn ánaud annarra og leysa kraftinn úr læðingi. En það er ekki nóg að hafa frelsi, listafólk þarf að fá tækifæri, tíma og aðstæður til að vinna. Tækifæri til að skapa og starfa við það sem það leggur metnað og alúð í. Flestallir þurfa að öðlast þekkingu og fá æfingu til að virkja sköpunarkraftinn á áhrifaríkan hátt.

Hvert samfélag þarf á öflugum listafólki að halda, hvert samfélag þarf að styðja við list og tjáningarfrelsi ef það vill dafna sjálft. Sá stuðningur er ríkulega og daglega endurgreiddur með mikilvægum gjöfum sem bæta samfélagið, því listin er hreyfing sem er linnulaust að störfum. Það er sterkt samband milli listar og tjáningarfrelsis. Orðið listfrelsi sprettur umsvifalaust fram og það hrópar: „Verið ekki hrædd, notið frelsið til tjáningar með listrænum hætti. Ekki bíða til morguns!“

# MU-avtalet eða MU-samningurinn

*Ýrr Jónasdóttir Safnstjóri Ystads konstmuseum*



*Ekki er lengur spurt hvort listamenn fái eitthvað greitt fyrir að taka þátt í listasýningu á Ystads konstmuseum heldur hversu mikið.*

Fyrir nokkrum árum átti sér stað mikil umræða um það í Svíþjóð hvort og þá hvernig listamenn ættu að fá borgað fyrir að lána verkin sín til opinberra stofnana og hvort og þá hvernig þeir ættu að fá borgað fyrir þá vinnu sem felst í því að setja upp sýningu. Eftir mikinn þrýsting frá listamönnum og mikla undirbúningsvinnu var samningur, svokallaður MU-samningur,\* undirritaður árið 2009 af hálfu ríkisins og samtaka sænskra listamanna, hönnuða, iðnhönnuða, ljósmyndara og teiknara.

Samningurinn á að tryggja að ríkisstofnanir borgi listamönnum lágmarksgjald fyrir að sýna listaverk í þeirra eigu og setur fram viðmið um laun vegna undirbúningsvinnu. Allar ríkisstofnanir þurfa að hlíta samningnum en öðrum sýningaraðilum sem njóta opinberra styrkja er einnig ráðlagt að fara eftir honum.

Sem safnstjóri Ystads konstmuseum lagði ég til við bæjarstjórn Ystads að fjárveitingar til safnsins yrðu auknar svo hægt yrði að fylgja eftir markmiðum samningsins (en þar sem Ystads konstmuseum er ekki ríkisstofnun þarf safnið ekki að fara eftir samningnum). Safnið fékk helming þess fjár sem beðið var um árið 2011, en það þýddi að ég sem safnstjóri gat greitt lágmarksgjald til nánast allra listamanna sem sýna verkin sín á Ystads konstmuseum.

Greiðslur til listamanna hafa hins vegar sín áhrif á dagskrá safnsins. Við setjum til dæmis upp mun færri sýningar en áður og standa þær yfir í lengri tíma. Eins er dýrara að setja upp sýningar með mörgum listamönnum þannig

að þeim hefur fækkað. Við vorum með margar litlar einkasýningar með ungum listamönnum á árum áður en þeim hefur því miður einnig þurft að fækka. Fækkun sýninga hefur að sama skapi dregið aðeins úr aðsókn.

MU-samningurinn hefur enn sem komið er kosti og galla en til þess að koma á breytingum þurfum við að fórna einhverju. Stóra myndin er í raun einföld: Ef við höfum ekki efni á að borga listamönnum, höfum við ekki efni á að sýna verkin þeirra.

Frá því ég bað fyrst um aukafjárveitingu fyrir fjórum árum til að greiða listamönnum fyrir vinnu sína hefur viðhorfið breyst. Ég þarf ekki lengur að útskýra fyrir stjórnámálamönnum af hverju listamenn eigi að fá borgað fyrir að vinna með okkur, umræðan er komin á annað stig. Listamenn eru mun kröfuharðari en áður og við sýningarstjórar getum vísað í samninginn er við förum fram á hærra fjárframlag til reksturs safnanna.

Á hinn bóginn er ljóst að við eigum enn langt í land. Margar opinberar stofnanir hafa ekki fengið aukafjárveitingu, vísa til skorts á fjármagni og fara ekki eftir MU-samningnum. Ystads konstmuseum borgar enn sem komið er einungis lágmarks sýningargjald, eins og margar aðrar stofnanir.

Hvað sem þessu líður höfum við tekið skref fram á við og eitt er víst:

Án listamanna verður engin list til!

\* MU (Medverkans- och utställningsersättning)

MU-samningurinn kveður á um ákveðið lágmarksgjald, sem ekki er breytilegt. Í samningnum er verðskrá þar sem verð er reiknað út með hliðsjón af sýningarsal, hversu lengi sýningin stendur yfir og hversu margir listamenn taka þátt í henni. Lágmarks gjaldið er þó alltaf til staðar óháð lengd sýningarinnar. Í samningnum er líka mælt til þess að laun séu borguð fyrir undirbúning, svo sem fyrir fundi, opnun, uppsetningu á verkum og fyrir að framleiða ný verk.

Smellið hér til að lesa samninginn.

# Aðildarfélag

*Félag íslenskra samtímaljósmyndara*



*Bragi Þór Jósefsson. Kennslustofa, A.T. Mahan unglingskólinn úr myndröðinni Iceland Defence Force.*



„Í dag eru tæplega 30 meðlimir í félaginu og ýmislegt á döfinni. Í maí næstkomandi mun FÍSL taka þátt í pólsku ljósmyndahátíðinni WFFA í Varsjá og í júní mun félagið standa fyrir ljósmynda-sýningunni ÍSÓ á Ísafirði“

Framþróun framsækinnar fagurfræðilegrar ljósmyndunar á Íslandi og aukin virðing og skilningur á ljósmyndamiðlinum hafa verið markmið Félags íslenskra samtímaljósmyndara, FÍSL, frá stofnun þess árið 2007. Félagið er vettvangur til að ræða og kanna ljósmyndina sem listform.

FÍSL var stofnað árið 2007 af átta ljósmyndurum með það fyrir augum að auka vegsemd ljósmynda-miðilsins og vinna að því að ljósmyndurum á Íslandi takist að vinna að list sinni. Síðan þá hefur félagið staðið fyrir sýningum og viðburðum, meðal annars á Þjóðminjasafni Íslands, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, í Norræna húsinu og Gallery Hippolyte í Helsinki þar sem sýningin *Frontiers of Another Nature* opnaði árið 2013. Auk þess hefur félagið átt í samstarfi við erlend ljósmyndafélög og stofnanir. European Borderlines var samstarfsverkefni milli fjögurra Evrópulanda þar sem ungir ljósmyndarar fengu tækifæri til að ferðast til annars þátttökulands og vinna þar ljósmyndaverk sem sýnd voru í viðkomandi löndum; Portúgal, Tyrklandi, Lettlandi og Íslandi.

Sýningin *Endurkast* opnaði árið 2008 í Þjóðminjasafninu með verkum eftir stofnmeðlimi FÍSL. Samhliða sýningunni kom út bókin *Endurkast – íslensk samtímaljósmyndun* með viðtölum Sigrúnar Ölbu Sigurðardóttur við ljósmyndarara auk heimspekilegra hugleiðinga Hjálmars Sveinssonar um verkin.

Ljósmyndahátíðin *Ljósmyndadagar* var haldin í fyrsta sinn í febrúar 2012 í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fer hún nú fram á tveggja ára fresti. Hátíðin hefur það að markmiði að stuðla að metnaðarfullum ljósmyndasýningum fyrir almenning og ljósmyndaáhugafólk og einnig að gefa íslenskum ljósmyndurum tækifæri til að kynna verk sín fyrir erlendum og innlendum sýningarstjórum og fagfólki í greininni í svokallaðri ljósmyndarýni (e. portfolio review).

Veturinn 2012-2013 stóð félagið fyrir fyrirlestraröð í Þjóðminjasafni Íslands þar sem fræðimönnum og listamönnum var boðið að spjalla saman um ljósmyndaverk. Sköpuðust þar fræðandi og skemmtilegar umræður um ljósmyndina sem listmiðil.

Í dag eru tæplega 30 meðlimir í félaginu og ýmislegt á döfinni. Í maí næstkomandi mun FÍSL taka þátt í pólsku ljósmyndahátíðinni WFFA í Varsjá og í júní mun félagið standa fyrir ljósmyndasýningunni ÍSÓ á Ísafirði þar sem meðlimir félagsins sýna ný verk. Sýningin verður með óformlegu sniði og verður eins konar uppskeruhátíð með viðburðum og almennum skemmtilegheitum.




*Einar Falur Ingólfsson. Water Valley, from the series Shelter (Skjól).*



*Katrín Elvarsdóttir. Vanished Summer 3, from the series Vanished Summer.*

# Reitir

*Arnar Ómarsson og Ari Marteinnsson*



*Ljósmyndir Reitir*



Frá árinu 2012 hefur verkefnið Reitir boðið 73 einstaklingum víðsvegar að úr heiminum til Siglufjarðar í tilraunakennda nálgun á hina hefðbundnu listasmiðju. Reitir byggir á þeirri hugmynd að með því að leiða saman athafnasama einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn og sérkunnáttu nýtist ólík reynsla þátttakenda sem grunnur að spennandi og krefjandi samstarfi. Sem dæmi má nefna að stærðfræðingur, grafískur hönnuður og teiknari hafa unnið saman að hljóðskúlptúr.

Öll vinnan er staðbundin, og það á einnig við um rannsókn- og hugmyndavinnu. Þátttakendur mæta á staðinn án fyrirfram mótaðra hugmynda, með opinn hug gagnvart óeigingjörnu samstarfi og drifkraft til að skapa. Reitir er tólf daga verkefni sem skiptist í tvo hluta; fyrri hlutinn er þrjú dagar og tileinkaður rannsókn- og hugmyndavinnu en seinni hlutinn framkvæmd og úrvinnsla verkefna sem lýkur með opnun. Verkerlið er mjög frjálst og er seinni hlutinn alveg í höndum þátttakenda.

Hinn fullkomni þátttakandi er framtakssamur, samvinnufús, skapandi í hugsun, tekur sýna og er með ástríðu fyrir því sem hann gerir.

Siglufjörður er viðfangsefni þátttakenda og hafa þeir algjört frelsi til að nálgast bæinn á þann hátt sem þau kjósa. Meðal fyrri verkefna eru snjallsímaforrit, blaðaútgáfa, pop-up kaffihús, leturgerð, myndbandsverk, útiskúlptúr og margt fleira. Reitir er grunnur að skapandi alþjóðasamstarfi í þágu bæjarins en sýnileiki og samvinna við bæinn er mikilvægur hluti verkefnisins. Á hverju ári er leitast við að auka beint samband við bæjarbúa á skemmtilegan hátt. Hvert ár skora Reitir á Siglufjörð í fótbolta en einnig er hópnum skipt niður í litla hópa og þeim boðið í kvöldmat á heimili í bænum. Verkefnið er einnig miðjupunktur í vaxandi tengslaneti sem teygir sig þvert yfir heiminn. Hefur samstarf oft haldið áfram að Reitum loknum og sumir snúið aftur sem þátttakendur. Markmið Reita er að vera virkur partur af uppbyggingu Siglufjarðar sem áfangastaðar nýrra hugmynda gegnum þverfaglegt skapandi samstarf.

Alþýðuhúsið á Siglufirði hýsir verkefnið. Menningarráð Eyþings, Evrópa unga fólksins, Myndlistarsjóður og Fjallabyggð hafa styrkt verkefnið auk minni fyrirtækja í bænum.

*Minningarbrot*

# Tilurð SÍM

*Þór Elís Pálsson*

*Í dag virðist eins og SÍM hafi alltaf verið til og að hinar miklu rimmur á milli myndlistarmanna um strauma og stefnur hafi aldrei átt sér stað. Því er vel til fundið að rifja upp tilurð Sambands íslenskra myndlistarmanna sem var stofnað fyrir rétt rúmum 30 árum.*

Það er nokkuð langur tími í ævi hvers manns en engan veginn í tímatali listarinnar sjálfrar. Í þessum hugleiðingum mínum mun ég fara stuttlega yfir forsögu og tilurð SÍM, sem nú blómstrar sem aldrei fyrr.

Það er ekki hægt að rifja upp stofnun SÍM nema að minnast á Hagsmunafélag myndlistarmanna (HM), sem í dag er flestum gleymt og þeir sem yngri eru vita kannski ekki að hafi nokkurn tíma verið til. HM var stofnað vegna þess að flestum ungum framsæknum myndlistarmönnum var neitað um inngöngu í Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM). Ástæðan var sú að þeir stunduðu ekki þá list sem félagsmönnum var þóknanleg. Líklega er erfitt fyrir suma að skilja það í dag, en á þessum tímum var allt annað þjóðfélagsmynstur og landið okkar talsvert einangrað frá umheiminum hvað myndlistina varðaði og líklega aðrar listir líka. Ungir listamenn fylgdust þó vel með og bæði kynntu sér og fundu innra með sér nýja strauma sem ólguðu í hinum vestræna heimi. Það varð oft mikið þras um hugmyndafræði og stefnur og eftir áralöng átök ákvað hópur af þessum „utangarðsmönnum” að reyna að sameinast og nýta kraftana í að byggja upp betra listalíf hér á

landi. Því var Hagsmunafélag myndlistarmanna stofnað í þeim tilgangi að skjóta skjólshúsi yfir „landflótta” myndlistarmenn og sameina öll félögin undir einn hatt. Einnig var í lögum félagsins klásúla um að þegar það markmið næðist að stofnuð yrðu regnhlífarsamtök ætti að leggja HM niður.

Nýkominn frá námi í Hollandi, vorið 1982, var ég beðinn um að taka að mér formennsku í Hagsmunafélagi myndlistarmanna. Þá hafði Richard Valtingojer verið formaður frá upphafi. Hann hafði lagt á sig mikla vinnu og vildi stíga til hliðar. Ég hugsaði mig vel um, en lét tilleiðast og á aðalfundi var ég kosinn formaður. Með mér í stjórn voru m.a. Gylfi Gíslason og Guðrún Erla Geirsdóttir, Gerla. Við vorum sammála um að sinna aðeins einu verkefni og það var að sameina myndlistarfélögin í landinu. Haft var samband við alla formenn hinna myndlistarfélaganna og fljótlega tókst að koma á fundi. FÍM hafði ávallt verið mesta fyrirstaðan, en nú var kominn nýr formaður, Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna eins og við þekkjum hana. Þær miklu deilur sem höfðu verið og stóðu að nokkru leyti enn yfir snertu hana lítið. Þannig að nú var kominn sam-

**Myndlistarmenn:****Stofnun sambands íslenskra myndlistarfélaga fyrirhuguð**

ÁKVEDIN hefur verið stofnun sambands íslenskra myndlistarfélaga og verður stofnfundur haldinn 20. nóvember sk. að Hótel Borg. Að stofnaninni standa eftirlín myndlistarfélög: Félag íslenskra myndlistarmanna, Hagsmunafélagið, Textilfélagið, Íslensk grafík, Myndhöggvarafélagið og Leirlistarfélagið, en alls hafa þessi félag inn- an sína vebanda u.þ.b. 250 manns.

Hin einstöku félag munu starfa eftir sem áður, en hlutverk heildarsamtakanna er að einbeita sér fyrst og fremst að hagsmunamálum félaganna.

A fundi með blaðamönnum, þar sem fulltrúar hinna einstöku félaga voru saman komnir, kom fram að stofnun samtakanna hefði verið lengi í deiglu, en fyrst í fyrra hefði málið komist á verulegt skrið. Ríkir mikill ein- hugur með mönnum um stofnun

þessara samtaka og enginn hefur farið „í fylu“, eins og einn úr hópnun orðaði það.

Var það hald manna á fundinum að ekki væri vanþörf á stofnunum slíkra samtaka sem ygnu markvisst að hagsmunabaráttu. Var á það bent að myndlistarmenn hér á landi byggju við mjög ótrygga afkomu, þar sem þeir væru háðir duttlungum hins frjálsa markaðar. Töldu fundarmenn að það væri ekki annað en sanngirniskrafa að skapa myndlistarmönnum tryggari afkomu með auknum starfsláunum og verkefnum á vegum hins opinbera. Var í því sambandi vitnað í kafla úr riti UNESCO, þar sem fjallað er um stöðu og rétt listamanna. Þar segir:

„Aðildarlöndunum ber að vernda og styrkja stöðu listamanna með því að líta svo á að vinna listamannsins, bæði í nýju

og hefðbundnu formi, sé þjóðfélagsleg nauðsyn. Aðildarlöndunum ber að meta þannig stórf listamanna að þeir fái notið sín og hljóði það fjárhagslega tryggð sem þeim ber fyrir starf sitt að menningarmálum.“

Eigi að síður vildu fundarmenn ekki gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefði í hagsmunabaráttunni. Voru t.d. nefnd lög um listakreytingasjóð ríkisins sem samþykkt voru sí. vor, en aðalatriði þeirra er að 1% byggingarkostnaðar skal varið til skreytinga. Þá kom fram að verið er að endurskoða lög Listasafns Íslands og umræða er í gangi um launasjóð myndlistarmanna.

Af óleystum hagsmunamálum myndlistarmanna var m.a. nefnd krafan um dagleigu- og sýningargjöld fyrir verk sem sýnd eru á opinberum vettvangi. Þessi



Ljósmyndir M.B. Einarsson.

Fulltrúar myndlistarmanna sem voru á blaðamannafundinum í Norræna húsinu.

krafa er samnorrænt baráttumál listamanna um þessar mundir, og stendur nú yfir dreifing veggmynda um öll Norðurlönd með þessari kröfu skrifðri á öllum

Norðurlandamálunum. Er þetta gert í sambandi við 14. október, sem er baráttudagur myndlistarmanna á Norðurlöndum.

vinnu-grundvöllur til að nýta og hefja nokkuð flókið ferli til að sameina öll félögin. Það var mikið fundað og aðilar skiptu á milli sín verkefnum. Fyrsta hugmyndin var að leggja niður öll fagfélög og setja alla myndlistarmenn saman undir einn hatt. Lagalega var það ekki hægt og því varð úr að sett yrði á laggirnar fulltrúaráð allra félaganna og svo yrði stjórn samtakanna kosin á aðalfundi.

Vegna þessa hafði ég áhyggjur af stöðu félagsmanna í HM, vildi jafnvel breyta lögum þess og halda starfseminni áfram. Það var ekki hljómgrunnur innan félagsins fyrir þeim breytingum. Hver átti að verða þeirra málsvari innan stjórnar samtakanna eða á vettvangi þeirra? Niðurstaða vinnuhópsins varð sú að einstaklingur gat verið meðlimur að heildarsamtökunum. Ákveðið var að stilla upp fulltrúaráði þar sem fulltrúar frá öllum félögum hefðu sinn mann og síðan yrði einn kosinn á aðalfundi samtakanna fyrir einstaklingsaðila. Jafnframt átti að kjósa í stjórn samtakanna á aðalfundi þetta fyrirkomulag virðist hafa blessast ágætlega til að byrja með, en er líklega ónaúðsynlegt í dag.

Samband íslenskra myndlistarmanna var stofnað í nóvember 1982 á fjölmönnum fundi myndlistarmanna á Hótel Borg. Voru fundarmenn á einu máli um að framtíðin væri bjartari nú þegar allir snéru bökum saman til að styðja og styrkja myndlistina í landinu. Þessum 30 árum síðar er mér ljóst að þetta voru gæfuspor þó enn verði að berjast fyrir skilningi og réttinum að stunda alvöru myndlist hér á landi. Mörgu hefur líka verið áorkað, m.a. fengist gott húsnæði í hjarta borgarinnar, en þegar við hófum þessa vegferð þá fengum við smá aðstöðu í Ásmundarsal, frekar óhentugt húsnæði en gott til fundarsetu. Í dag er ég glaður að hafa lagt minn skerf til hagsmunamála myndlistarinnar og vona að þeim sem nú halda utan um taumana hjá SÍM gangi vel í að styrkja og standa vörð um myndlistina í landinu.

Þau félag sem stóðu að stofnun SÍM voru: Félag íslenskra myndlistarmanna, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, Íslensk grafík, Textilfélagið, Leirlistafélag Íslands og Hagsmunafélag myndlistarmanna, sem var svo lagt niður. Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna, varð fyrsti formaður og nokkrir af okkur sem voru í undirbúningshópnum héldu áfram í fyrstu stjórn SÍM.

*Viltu auglýsa?*

*hafðu samband  
auglysingar@sim.is*



Jan Voss  
Með bakið að framtíðinni / With the Back to the Future  
14. mars - 10. maí / March 14<sup>th</sup> - May 10<sup>th</sup> 2015

Listasafnið á Akureyri  
Akureyri Art Museum  
www.listak.is



*Matthías Rúnar Sigurðsson*

*Vor í lofti*



*SÍM-Salurinn, Hafnarstræti 16  
Opit virka daga frá 10-16 til 24. apríl*



Eitt leiðir af öðru /// mars – maí 2015

/// ANNA HRUND MÁSDÓTTIR ///  
 DANÍEL BJÖRNSSON /// DAVÍÐ ÖRN  
 HALLDÓRSSON /// GUÐMUNDUR  
 THORODDSEN /// PÉTUR THOMSEN  
 /// RAGNAR KJARTANSSON /// SARA  
 RIEL /// ÞÓR SIGURÞÓRSSON ///

Gallery GAMMA

Garðastræti 37 /// 101 Reykjavík /// Sími 519 3300 /// [info@gallerygamma.is](mailto:info@gallerygamma.is) /// Opið 13-17 virka daga



*Sýninga- og viðburðarými.  
 Bergstaðastræti 25B,  
 kjallari.*

[www.ekkisens.wordpress.com](http://www.ekkisens.wordpress.com) - [ekkisens.syningarymi@gmail.com](mailto:ekkisens.syningarymi@gmail.com)

# English

~ Click on link icon

*The big picture*

*Steingrímur Eyfjörð*

*Parallel view*

*Kari Grétudóttir*

*Appeal*

*Guðbjörg R. Jóhannesdóttir*

*SÍM residency*

*Juliana España Keller*

*The studio*

*Sigga Björg Sigurðardóttir*

*Art and the freedom of expression*

*Gunnar Hersveinn*

*MU avtalet, or the MU contract*

*Ýrr Jónasdóttir*

*Member society - The Icelandic  
Contemporary Photography Association*

*Hallgerður Hallgrímsdóttir*

*Reitir*

*Arnar Ómarsson*

*Memoirs*

*Þór Elís Pálsson*

*~Click on the blue link icon  
to go to desired article~*



# The big picture

*Steingrímur Eyfjörð*



*The board of The Association of Icelandic Visual Artists (SÍM) has decided to map an overall view of Icelandic visual art.*

*“General discussions about the Icelandic visual arts world and ways to shake up and fix that which needs fixing have been one-sided, fractured, and lacking in co-operation between disciplines and fields”*

It is quite obvious that the current framework for visual arts does not correspond to the realities of working visual artists, and the same can be said about people in other fields; curators, art historians, teachers, and everyone who in one way or another is connected to the visual arts in Iceland. It is as if visual artists and those on the periphery of visual arts operate in a “Potemkin village,” where the framework of visual arts certainly displays a stunning façade, but rarely has anything behind it. This needs to change.

The map should enable people to see the big picture of Icelandic visual arts. It shows every aspect of the world of visual arts, as well as what should be grouped together and how those groups intersect, thus facilitating plans for change and refinement.

General discussions about the Icelandic visual arts world and ways to shake up and fix that which needs fixing have been one-sided, fractured, and lacking in co-operation between disciplines and fields. The biggest problem has been that many people have not been able to see the overall picture and understand the need to fine-tune the myriad sides of the artistic framework in co-operation with different parties involved in visual arts.

